# Fundargerð 283. fundar
# sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** mánudagur 26. júní 2023
**Fundartími:** 9:00
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 262, dags. 16.06.2023**
   a) **Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstæði; Deiliskipulag – 2106162**
   Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gerð grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins á fyrri stigum og lögð er fram uppfærð tillaga þar sem skilgreint tjaldsvæði hefur verið fært frá sameiginlegum jarðarmörkum og ný aðkoma að svæðinu er skilgreind með það að markmiði að minnka umferð um bæjarhlaðið að Vatnsholti 1. Athugasemdir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins eftir auglýsingu.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðrar samantektar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

   Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gerð grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins á fyrri stigum og lögð er fram uppfærð tillaga þar sem skilgreint tjaldsvæði hefur verið fært frá sameiginlegum jarðarmörkum og ný aðkoma að svæðinu er skilgreind með það að markmiði að minnka umferð um bæjarhlaðið að Vatnsholti 1. Athugasemdir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins eftir auglýsingu.
   Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðrar samantektar en ítrekar mikilvægi þess að öll umferð vegna verslunar og þjónustu í Vatnsholti 2 verði beint um nýjan aðkomuveg að svæðinu svo sem með því að girða af svæðið og loka fyrir hringakstur. Einnig skulu landeigendur í Vatnsholti 2 leggja sig fram við að takmarka ónæði af völdum gesta á aðliggjandi landeignir. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
   Samþykkt með 4 atkvæðum.
   Elín Höskuldsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

   b) **Loftsstaðir-Vestri; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2204020**

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftsstaða-Vestri eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillögunni eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið er stækkað töluvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmiði að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölgar en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku deiliskipulagsins af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum umsögnum vegna málsins og samantekt andsvara.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum og afgreiðslu Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðrar samantektar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði sent Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftsstaða-Vestri eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillögunni eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið er stækkað töluvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmiði að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölgar en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku deiliskipulagsins af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum umsögnum vegna málsins og samantekt andsvara.
Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum og afgreiðslu Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðrar samantektar Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði sent Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L178933, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715; Breytt landnotkun (F16, F16D og SL6); Aðalskipulagsbreyting – 2207019**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með*

*birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L178933, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.
Sveitarstjórn samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi og óskar eftir því að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2208025**
Fyrir liggur tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Umsagnir bárust á auglýsingatíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Umsagnir bárust á auglýsingatíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu og óskar eftir því að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Skálmholt; Huldu- og Maríuhólar; Íbúðabyggð; Deiliskipulag – 2211052**
Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Skálmholts eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús, útihús og geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og fornleifaskráningu.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Skálmholts eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús, útihús og geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og fornleifaskráningu. deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2209025**

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla eftir kynningu. Í breytingunni felst breyting á landnotkun á um 10 ha svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða hefur verið samþykkt breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

*Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Krækishóla verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla eftir kynningu. Í breytingunni felst breyting á landnotkun á um 10 ha svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða hefur verið samþykkt breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Í ljósi athugasemda Skipulagsstofnunar þá er vilji sveitarstjórnar til að þess að skoða ákvæði aðalskipulags er varðar stærð íbúðarlóðar í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Krækishóla í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum

g) **Heiðarbær Stórholt L166345; Þjórsárbraut og Fossabraut; Veglagning; Framkvæmdaleyfi – 2305085**

Lögð er fram umsókn frá Þórði Hermanni Kolbeinssyni er varðar framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu í landi Heiðarbæjar, Stórholts L166345. Umsóknin byggingar á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins með fyrirvara um að gert verði grein fyrir því innan gagna málsins hvernig efnistöku vegna framkvæmda verður hagað.*

Fyrir liggur umsókn frá Þórði Hermanni Kolbeinssyni er varðar framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu í landi Heiðarbæjar, Stórholts L166345. Umsóknin byggingar á gildandi deiliskipulagi svæðisins.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir *útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr.* skipulagslaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins með fyrirvara um að gert verði grein fyrir því innan gagna málsins hvernig efnistöku vegna framkvæmda verður hagað. Skipulagsfulltrúa falið að kalla eftir upplýsingum um efnistöku og í kjölfarið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Breytt undirgöng; Óveruleg aðalskipulagsbreyting – 2305097**

Lögð er fram tillaga óverulegrar breyingar á aðalskipulagi Flóahrepps. Breytingin kemur til vegna nýrrar legu þjóðvegar 1 um svæðið. Í breytingunni er gert ráð fyrir fækkun undirgangna undir þjóðveg auk þess sem stærð landnotkunarfláka er uppfærð m.v. umfang nýrrar tengingar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent skipulagsstofnun til samþykktar.*

Fyrir liggur tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps. Breytingin kemur til vegna nýrrar legu þjóðvegar 1 um svæðið. Í breytingunni er gert ráð fyrir fækkun undirgangna undir þjóðveg auk þess sem stærð landnotkunarfláka er uppfærð m.v. umfang nýrrar tengingar.

Sveitarstjórn tók ofangreint mál fyrir á fundi sínum þann 6. júní 2023 og samþykkti þá óverulega breytingu á aðalskipulagi. Sveitarstjórn undirstrikar hér með afgreiðslu sína og samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði auglýst og málið sent til Skipulagsstofnunar til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Vatnsveita Flóahrepps; Styrking neysluvatnslagna; Framkvæmdaleyfi – 2305098**

Lögð er fram umsókn frá Flóahreppi vegna útgáfu framkvæmdaleyfis. í framkvæmdinni felst styrking á neysluvatnslögnum Vatnsveitu Flóahrepps.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verði umsagnar Vegagerðarinnar komi til þverunar á vegum auk þess sem leitað verði samþykkis viðeigandi jarðareigenda þar sem framkvæmdin fer um.*

Fyrir liggur umsókn frá Flóahreppi vegna útgáfu framkvæmdaleyfis. Í framkvæmdinni felst styrking á neysluvatnslögnum Vatnsveitu Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmda leyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verði umsagnar Vegagerðarinnar komi til þverunar á vegum auk þess sem leitað verði samþykkis viðeigandi jarðareigenda þar sem framkvæmdin fer um. Rætt hefur verið við viðkomandi jarðareigendur vegna framkvæmdarinnar og samráð hefur verið haft við Vegagerðina. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) **Jaðarkot 1 L224215; Kolsholt 1 lóð 1 L219675; Kolsholt 1 L166358; Breytt lóðamörk; Stækkun lóðar – 2306009**

Lögð er fram umsókn frá Sigmari Erni Aðalsteinssyni er varðar stækkun lóðar Jaðarkots 1 L224215 auk þess sem gerð er breyting á lóð Kolsholt 1 lóð 1 þar sem suðurmörk landsins er færð til um 15 metra til suðurs. Stækkun lóðanna kemur úr Kolsholti 1 L166358.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við breytta afmörkun lóða Jaðarkots og Kolsholts 1 lóð 1 skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Mælist nefndin til þess að staðfang innan svæðisins verði lagfært í takt við reglugerð um skráningu staðfanga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn frá Sigmari Erni Aðalsteinssyni er varðar stækkun lóðar Jaðarkots 1 L224215 auk þess sem gerð er breyting á lóð Kolsholt 1 lóð 1 þar sem suðurmörk

landsins er færð til um 15 metra til suðurs. Stækkun lóðanna kemur úr Kolsholti 1 L166358.
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við breytta afmörkun lóða Jaðarkots og Kolsholts 1 lóð 1 skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Lagfæra þarf staðfang innan svæðisins í takt við reglugerð um skráningu staðfanga.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslufundir byggingafulltrúa nr. 186, dags. 07.06.2023 og nr. 187, dags. 21.06.2023**
   Lagt fram til kynningar.
3. **Gaulverjaskóli L165520; Ferðaþjónusta; Deiliskipulag – 2305043**
   Fyrir liggur uppfærð tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Gaulverjabæjarskóla L165520. Í deiliskipulaginu felst stækkun á núverandi lóð úr 1,3 ha í 2,74 ha. Á núverandi lóð er fyrirhugað að byggja við núverandi aðstöðu Gaulverjabæjarskóla en í síðari áföngum er heimilt að byggja allt að 10 stök gistihús/smáhýsi norðan við Gaulverjabæjarskóla, á því svæði sem stækkun lóðar nær til. Samanlagt leyfilegt byggingarmagn innan stækkaðrar lóðar er áætlað 1.200 m². Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á 282. fundi sínum þann 6. júní sl. og óskaði eftir því að gögn væru uppfærð varðandi aðkomu að rotþró og gistihúsum. Í uppfærði tillögu hafa mörk skipulagssvæðis verið minnkuð og aðkoma að rotþró og gistihúsum er eingöngu í gegnum lóð við Gaulverjabæjarskóla. Einnig kemur fram að akfærir stígar skuli þola þunga frá björgunarbílum.
   Sveitarstjórn Flóahrepp samþykkir uppfært deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
4. **Urriðafoss 1 (L225291); Umsögn um rekstrarleyfi; gisting**
   Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá fulltrúa sýslumanns vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II (H) frísundahús, rýmisnúmer 02-0101 sumarhús frá Haraldi Einarssyni fyrir hönd Urriðafoss Apartments ehf., kt. 490217-1118 á viðskipta- og þjónustulóðinni Urriðafoss 1 (F236 4548).
   Sveitarstjórn Flóahrepp gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 4 gestir.
   Samþykkt með 4 atkvæðum.
5. **Fundargerðir:**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 282, dags. 06.06.2023
6. **Efni til kynningar**
   a) Auglýst eftir umsóknum um styrki til jarðhitaleitar
   b) Opnun tilboða vegna útboðs í vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum. Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 29. Júní kl 11:00 í Þingborg.
   c) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 4. júlí kl. 9.00 í Þingborg.
7. **Trúnaðarmál**
   Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Elín Höskuldsdóttir (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

Árni Eiríksson
Walter Fannar Kristjánsson
Hulda Kristjánsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Harpa Magnúsdóttir

**2. fundur vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð**

**Fundarstaður:** Flóaskóli

**Fundardagur:** þriðjudagur 9. maí 2023

**Fundartími:** 16:00-18:00

**Mætt:**

Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Gunnlaug Hartmannsdóttir, Bjarni Stefánsson, Sigríður Oddný Stefánsdóttir, Heimir Rafn Bjarkason, Kári Þór Steindórsson, Harpa Magnúsdóttir

**Forföll:**

Örvar Rafn Hlíðdal, Brynjar Jón Stefánsson, Benóný Ágústsson, Sigurður Ingi Sigurðsson, Ragnar Finnur Sigurðsson

*Anne Hansen frá Eflu stýrði fundi vinnuhóps.*

Anne fór yfir íbúðabyggðir í aðalskipulagi Flóahrepp, hvað hefur bæst við eða er að bætast við (í ferli). Í aðalskipulagi eru nokkur svæði með skilgreind íbúðasvæði þar sem ekki hefur mikið gerst síðustu ár eða frá því þau voru sett inn í aðalskipulag. Önnur svæði hafa byggst meira upp. Svo er að aukast kraftur í uppbyggingu nær Selfossi og nærri þjóðvegi 1.
Anne setti upp töflu með mögulegri þróun umfram spá útfrá þeim íbúðasvæðum sem eru í sveitarfélaginu og mögulegt að nemendafjöldi gæti verið 155 eftir 10 ár eða árið 2033.
Farið yfir 4. gr. reglugerðar 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.
Anne varpaði upp yfirliti yfir mismunandi rými innan skólahúsnæðis og vinnuhópurinn ræddi um ýmis rými og þarfir. Hópurinn fór í gegnum listann og Anne punktaði hjá sér ýmsar umræður og ábendingar. Meðal annars rætt um aðkomuna og anddyri og hvort möguleiki væri á að sameina fatarými og sameiginlegt rými fyrir alla nemendur skólans t.d þegar allir koma saman "á sal". Sunnulækjarskóli nefndur sem dæmi um stórt rými sem tekur á móti þegar komið er inn í skóla. Rætt um hvort ritari/móttaka væri þar sem fólk kemur inn í skólann.
Rætt um skrifstofurými stjórnenda og fjölnota fundarherbergi, aðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa, sálfræðing og hjúkrunarfræðing, viðtalsrými/næðisrými.
Rætt um mikilvægi hljóðvistar og hljóðeinangrunar.
Umræður um frístund og framtíðarhugsun varðandi Skólatröð og hvort það eigi að vera hugsað sem skólahúsnæði. Í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir því að húsið sé skilgreint sem íbúðarhús heldur sem íbúðarhús.

Farið í hópavinnu þar sem hópar komu með sínar hugmyndir að stækkun skólans og gerðu forgangsröðun á þeim rýmum sem þarf helst á að halda við stækkun skólans. Anne tekur hugmyndir og niðurstöður úr hópavinnu saman til frekari úrvinnslu.
Anne skoðar möguleikann á því að fara í skólaheimsóknir.

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttir, sveitarstjóra*

**Fundargerð 4.Fundur**

**Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps**

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Mánudagur 22.maí 2023
Fundartími: kl:19:30
Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir
Fundarmenn:
Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson, Harpa Magnúsdóttir og Agnes Björg Birgisdóttir.
Hulda Kristjánsdóttir Sveitarstjóri.
Fulltrúi frá Ungmennafélagi Þjótanda:
Fanney Ólafsdóttir
Vegna Fjör í Flóa: Fulltrúar frá koma frá
Fulltrúi frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Jóhanna Kristín Atladóttir
Fulltrúi frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:
Berglind Björk Guðnadóttir
Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps
Elín Höskuldsdóttir

Dagskrá:

1. Erindi frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps vegna skipulags á 17. Júní.

Rætt var um hvaða atriði varðandi hátíðarhöld 17. júní falla í hlut hvers. Vilji er fyrir því að hafa hátíðarhöld á einbúa ef veður er gott, Hulda ætlar að hafa samband við Binna um að slá svæðið. Það þyrfti einnig að hefla veginn svo að hann verði fær fólksbílum, Ungmennafélagið ætlar að sjá um að hefla veginn. Hugmynd um að keyra út annaðhvort morgunmat eða hádegismat fyrir fólk eldri en 90 ára. Ákveðið var að meðlimur í menningar-, íþrótta- og æskulýðsnefnd, Harpa, væri partur af 17. júní-nefndinni. Sveitarfélagið kaupir blómaskreytinguna við hliðina á púltinu. Umhverfisverðlaun verða veitt á hátíðnni.

2. Fjör í Flóa loka skipulags menningarnefndar, Þjótanda og Kvenfélaga.

Kvenfélögin sjá um kökubasar (byrja kl. 12), vöfflusala (kl 12), athuga með áhuga á skiptimarkað á plöntum og afleggjurum, athuga með að selja kort til styrktar sjúkrahússins (SSK).
Þjótandi er með sölu á pylsum, drykk og prins póló (byrja kl. 12 og til 2/3), andlitsmálning (kl. 12), kökuskreytingarkeppni (sem fyrst, byrja 12:15, verðlaunaafhending um 13:30 eða inni í annari dagskrá), athuga með hjólarallý (upp úr 14). Rætt var um að hafa kassabílakeppni fyrir næsta ár, of stuttur fyrirvari fyrir þetta ár. Rætt var um fjármagn fyrir kökuskreytingarkeppnina, bæði fyrir efniskostnað og verðlaun.
Sigurður ætlar að sinna gæslu við hoppukastalana, Sigurður á einnig tjald sem hægt er að tjalda ef vilji er til staðar, sveitarfélagið ætlar að passa að völlurinn sé sleginn og rafmagnið sé í lagi.
Einhver verður fenginn til að ganga hringinn í kringum svæðið og tína upp rusl.
Þingborg er opin frá 10 til að setja upp sölubásana.

Setja upp skilti eða annað við afleggjarann hjá Uppsölum eða Túni, það eru til gömul skilti sem hægt er að líma nýja dagsetningu á.
Rætt var um að hætta við fimmtudagskvöldið fyrst að Pétur Jóhann hætti við. Berglind ætlar að byrja kvöldvökuna um 21, Ketill spilar síðan þegar Berglind er búin. Haft var samband við Moskvít til að vera þriðja atriðið.
Kvöldganga í Langholti á föstudeginum. Gengið verður frá veiðikofanum hjá Hallanda að veiðikofanum hjá Langholti. Hugmynd að hafa opið hús hjá Davíð og Berglindi eftir gönguna. Mæting 19:45 og lagt af stað um 20:00.

3. Val á íþróttamanni / konu Flóahrepps

Rætt var um val á íþróttamanni og íþróttakonu Flóahrepps 2022.

4. Menningarstyrkur

Það sótti enginn um menningarstyrkinn, hugmynd um að setja þetta fjármagn í annað verkefni. Nefndin gerði tillögu um að setja helming fjármagnsins í að uppfæra og endurprenta kort af Flóahrepp og hinn helminginn í Fjör í Flóa.

5. Hvatastyrkur erindi frá Stefáni Geirssyni

Bókað að því sé frestað til næsta fundar.

Fundi slitið:
22:20

**Fundargerð 5.Fundur**

**Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps**

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Fimmtudagur 29. júní 2023
Fundartími: kl:19:30
Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir
Fundarmenn:
Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson, Harpa Magnúsdóttir, Agnes Björg Birgisdóttir.

1. Fjör í Flóa uppgjör à hátíð

Dagskráin yfir daginn gekk mjög vel í alla staði, sem og kvöldgangan. Það seldist töluvert á sölubásunum og spákonan var uppbókuð nánast allan daginn. Það var frekar fámennt á kvöldvökunni, rætt um hvort ætti að breyta uppsetningu á því kvöldi. Opnu húsin gengu mjög vel, mikil aðsókn. Heildarupphæðin er í samræmi við síðustu ár.

2. Tónahátíð / næstu viðburðir

Skipulagt var að halda Kornskurðarball 29. september. Hugmynd kom um að halda ballið í samstarfi við Ungmennafélagið. Sent verður erindi á Ungmennafélagið varðandi það samstarf sem og ungmennaráðið. Haft var samband við hljómsveitir til að spila á ballinu. Stefnt er að því að halda jólatónleika 7. desember í Félagslundi.

3. Hvatastyrkur erindi frá Stefáni Geirssyni.

Menningarnefnd leggur samhljóða til að hvatastyrkir verði veittir vegna tónlistarnáms.

4. Íþrótta og æskulýðsmál

Ungmennahúsin gengu framar öllum vonum þetta vorið. Lagt er til að það haldi áfram næsta haust og haldin verði enn fleiri ungmennahús.

5. Önnur mál.

Þar sem sótt var um menningarstyrkinn leggur menningarnefnd til að styrkurinn sé veittur þeim sem sóttu um, uppfylli þeir öll skilyrði. Ef umsóknin uppfyllir ekki öll skilyrði þá var gerð tillaga að helmingur styrksins fari í kortið af Flóahrepp og hinn helmingurinn fer til menningarnefndar til nýtingar í menningarviðburði.

Fundi slitið: 21:50

# Fundargerð nr. 15
# Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Þingborg fundarsalur |
| **Fundardagur:** | fimmtudagur 29. júní 2023 |
| **Fundartími:** | 11:15-12:00 |
| **Fundarmenn:** | Haraldur Einarsson, formaður nefndar<br>Heimir Rafn Bjarkason<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi<br>Árni Eiríksson, oddviti<br>Hjalti Guðmundsson boðaði forföll |

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

1. Farið yfir þau tilboð sem bárust í verkið „vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum" sem voru opnuð á formlegan hátt 29. júní 2023 kl. 11:00 í Þingborg. Alls bárust 4 tilboð frá eftirfarandi verktökum: Aðalleið ehf., Egill Guðjóns ehf., Fögrusteinar ehf. og Þjótandi ehf.

   Tilboðin sem bárust voru á bilinu 31-68% yfir kostnaðaráætlun verksins og því ljóst að lægsta tilboð að viðbættum kostnaði við lagnirnar eru hærri en sú upphæð sem áætluð var í framkvæmdir við vatnsveitu í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar fyrir árið 2023.

   Umræða varð um hvort taka ætti lægsta tilboði eða hafna öllum í ljósi þess að þau eru öll töluvert hærri en áætlunin gerði ráð fyrir. Fundarmenn eru sammála um að ljóst er tilboðin sýni að of lág verð hafi verið inni í kostnaðaráætlun. Að öllum líkindum er verið að gera ráð fyrir of mikilli fleygun í útboðsgögnum og raunin gæti orðið sú að þær upphæðir verði ekki eins háar og kemur fram í tilboðunum þegar til framkvæmda kemur.

   Eftirfarandi bókun er lögð fram til umræðu í sveitarstjórn:

   *Framkvæmda- og veitunefnd er sammála um mikilvægi þess að farið sé í styrkingu á vatnsstofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum til að tryggja neysluvatn á svæði innan sveitarfélagsins þar sem töluverð uppbygging er yfirvofandi og hefur verið samþykkt af sveitarstjórn. Nefndin leggur til að leitast verði við að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grundvelli tilboðs og að hafnar verði framkvæmdir sem fyrst. Ljóst er að ef sveitarstjórn samþykkir að taka lægsta tilboði þá kalli það á viðauka við fjárhagsáætlun vegna framkvæmdarinnar.*

2. Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess að heimæðargjald verði innheimt fyrir fram vegna tenginga við vatnsveitu Flóahrepps í Huldu- og Maríuhólum. Innheimt verði fyrir að lágmarki 10 lóðir í fyrsta áfanga þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Sami háttur verður varðandi aðrar veitur innan þess deiliskipulags þ.e rafmagn og ljósleiðara. Vatn væri þá lagt, strax og hægt er, að lóðarmörkum að þeim lóðum og lagnaskurðir samnýttir fyrir vatnsveitu, rafmagn og ljósleiðara og hugsanlega hitaveitu. Landeigandi í Huldu- og Maríuhólum ber ekki beinan kostnað að lagningu vatnsstofns frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum en greiði heimæðargjöldin fyrir 10 lóðir innan deiliskipulagsins fyrir fram til Flóahrepps. Sveitarstjóri og Börkur setji upp kostnaðaráætlun fyrir tengingu inn á 10 lóðir og komi til landeiganda. Líkt og með aðrar tengingar við vatnsveitu skal tengigjald greitt áður en framkvæmdir við tengingar inn á lóðir fara fram.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00*

FLÓAHREPPUR
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Opnun verðfyrirspurna

*Vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum*

Þann 29. júní kl. 11:00, í Þingborg í Flóahreppi, voru tilboð opnuð í vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum.

Viðstaddir opnun voru eftirfarandi:

- Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
- Árni Eiríksson, oddviti
- Börkur Brynjarsson, ráðgjafi hjá VVH ráðgjöf
- Heimir Rafn Bjarkason, framkvæmda- og veitunefnd
- Ólafur Einarsson, Þjótandi ehf.
- Óskar Gunnlaugsson, Aðalleið ehf.

Ein athugasemd barst vegna útboðs á fyrirspurnartíma og var henni svarað þann 27. júní. Engar aðrar athugasemdir bárust. Kotnaðaráætlun hljóðar upp á 55.895.000 kr.

Tilboð opnaði Börkur Brynjarsson og fundargerð ritaði Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1.

| Nafn verktaka | Heildarverð |
|---|---|
| **Aðalleið ehf.** | **85.180.000 kr.** |

2.

| Nafn verktaka | Heildarverð |
|---|---|
| **Egill Guðjóns ehf.** | **73.803.000 kr.** |

3.

| Nafn verktaka | Heildarverð |
|---|---|
| **Fögrusteinar ehf.** | **76.025.000 kr.** |

4.

| Nafn verktaka | Heildarverð |
|---|---|
| **Þjótandi ehf.** | **94.400.000 kr.** |

*Öll verð í tilboði skulu vera heildarverð í íslenskum krónum með virðisaukaskatti og eru þau bindandi fyrir tilboðið.*

Fleiri tilboð báðust ekki.
Opnun tilboða lokið kl. 11:05

Hulda Kristjánsdóttir
Heimir Rafn Bjarkason
Óskar Gunnl.
Ólafur Einarsson Þjótandi

Hvati
Ráðgjöf

Föstudagur 30.júní 2023

Yfirferð tilboða í **Vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum**

Opnun tilboða fór fram 30. Júní 2023, farið var yfir ábendingar sem bárust á fyrirspurnartíma og engar aðrar athugasemdir bárust við útboð. Fundargerð opnunarfundar var undirrituð og hefur verið send út.

Tilboð bárust frá þrem verktökum og yfirferð sýndi að tilboð voru öll rétt reiknuð.

Tilboðin

- Egill Guðjónsson ehf - kr. 73.803.000.- 131%
- Fögrusteinar ehf - kr. 76.025.000.- 135%
- Aðalleið ehf - kr. 85.180.000.- 152%
- Þjótandi - kr. 94.400.000.- 168%
- Kostnaðaráætlun - kr. 56.180.000.- 100%

Við yfirferð sýnir að meginmunur milli kostnaðaráætlunar og tilboða liggur í vanáætlun í kostnaðaráætlun.

Kallað verður eftir gögnum hjá lægstbjóðendum og munum við svo fara í að semja við viðkomandi þegar samþykki sveitastjórnar liggur fyrir.

Virðingafyllst
Börkur Reykjalín Brynjarsson

# 58. stjórnarfundur Bergrisans bs.

23.05.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 12.30

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Afgreiðsla umsókna um NPA samning

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar eftir umsóknum frá sveitarfélögum um 25% framlag til nýrra samninga um NPA á árinu 2023.

Þjónustusvæði Árnesþings leggur fyrir beiðni um NPA þjónustu fyrir einstakling með auðkennið 102681. Óskað er eftir samþykki stjórnar Bergrisans bs. á NPA samningi með gildistímann 01.06.2023-31.12.2023 með fyrirvara um framlag Jöfnunarsjóðs og samþykkis 25% framlags Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Hefur viðkomandi verið með beingreiðslusamning en sá samningur fellur úr gildi við gildistöku NPA samnings. Óskað er eftir 14 klst. á sólahring í NPA þjónustu/427 klst. á mánuði.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings að vinna málið.

### 2. Afgreiðsla umsókna um NPA samning

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar eftir umsóknum frá sveitarfélögum um 25% framlag til nýrra samninga um NPA á árinu 2023.

Þjónustusvæði Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu leggur fyrir beiðni um NPA þjónustu fyrir einstakling með auðkennið 105260. Óskað er eftir samþykki stjórnar Bergrisans bs. á NPA samningi með gildistímann 01.06.2023-31.12.2023 með fyrirvara um framlög frá Jöfnunarsjóð og samþykkis 25% framlags Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Óskað er eftir 24 klst. á sólahring í NPA þjónustu/730 klst. á mánuði og að auki 7,5 klst. í aðstoðarverkstjórn á mánuði.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu að vinna málið áfram.

Fundi slitið klukkan 12.56

# 5. stjórnarfundur Arnardrangs hses

18.04.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:10

**Mætt:** Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Afgreiðsla umsóknar Arnardrangs hses um framkvæmdalán til HMS

Lánanefnd telur umsókn Arnardrangs hses. vegna framkvæmdarláns ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 24. gr. rgl. 805/2020 enda teljist ekki sýnt fram á að kjör á almennum markaði séu verulega hærri en almennt bjóðast á virku markaðssvæði. Í því sambandi er horft til vaxtakjara á markaði og til þess að uppbygging í Árborg hefur verið veruleg og mikil velta með fasteignir.
Ákveðið er að leggja fram beiðni til Bergrisans bs. um að tryggja lán til Arnardrangs vegna byggingar nýs íbúðakjarna á meðan fjármögnunarferli er ekki lokið.

Fundi slitið klukkan 15:30

# 6. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

15.05.2023

Staðsetning: Ráðhús Árborgar

Fundur hófst klukkan 10:15

**Mætt:** Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Beiðni um skammtímafjármögnun vegna verkefnis að Nauthaga 2 á Selfossi

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. við Nauthaga 2 er hafin. Vegna tafa á skammtímafjármögnun verkefnis er lagt til að stjórn Arnardrangs hses. óski eftir láni frá Bergrisanum bs. vegna framvindu 8 og 9 að upphæð kr. 8.701.904

Að auki er lagt til að óskað verði eftir láni vegna útgefinna reikninga frá VSB sem hefur umsjón með verkefninu

Stjórn samþykkir tillöguna

Fundi slitið klukkan 10.27

# Stjórn byggðasamlags UTU - 101. fundur
## haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 24. maí 2023
## og hófst hann kl. 11:30

**Fundinn sátu:**
Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri

**Dagskrá:**

**1. Sumarfrí, lokun skrifstofu - 2305065**

*Síðustu ár hefur skrifstofa UTU verið lokuð að hluta í júlí og ágúst. Lagt er til að skrifstofa UTU verði lokuð í fjórar vikur í sumar, frá 17. júlí til og með 11. ágúst.*
*Samþykkt samhljóða.*

*Samþykkt*

**2. Facebooksíða embættisins - 2305066**

*Lagt til að facebooksíðu embættisins verði lokað í ljósi þess að síðan er ekki að nýtast starfseminni né að ná til notenda. Einnig hefur verið tekin í notkun rafræn þjónustugátt þar sem notendur geta nálgast gögn, sótt sér þjónustu og haft örugg samskipti.*
*Samþykkt samhljóða.*

*Samþykkt*

**3. Samningar - 2305067**

*Skrifstofustjóri hefur verið að vinna að því að yfirfara samninga sem embættið er með og segja upp samningum og aðgöngum sem ekki er verið að notast við. Þegar þessari vinnu er lokið munu samningar verða endurskoðaðir.*

*Samþykkt*

**4. Starfsmannamál - 2305068**

*Skrifstofustjóri fór yfir starfsmannamál og sagði frá því að ritari skipulagsfulltrúa hefur sagt upp störfum. Jafnframt liggur fyrir ósk um breytingar í starfi, í hlutastarf.*
*Stjórn samþykkir tillögur skrifstofustjóra um að ritarastarf breytist í hlutastarf ef það hefur ekki áhrif á fjölda stöðugilda né áhrif á fjárhagsáætlun.*
*Farið yfir skipurit embættisins, tillaga um að skipurit sviða UTU verði samræmd, þ.e.a.s. það verða tveir aðstoðarmenn á hvoru svið og myndað flæði á milli sviða í störfum ritara.*
*Ritarastarf mun verða auglýst laust til umsóknar.*
*Samþykkt samhljóða.*
*Stjórnarformaður lagði fram ráðningarsamning við skrifstofustjóra til staðfestingar í samræmi við umræður og bókun stjórnar á 99. fundi stjórnar.*
*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi samning samhljóða.*

*Samþykkt*

5. **Önnur mál - 2305069**

*Skrifstofustjóri leggur til að samhliða manna- og skipulagsbreytingum verði skoðaður sá mögulegi að símsvörun verði gerð meira sjálfvirk og nákvæmari án þess þó að sleppa persónulegu snertingunni.*
*Samtök tæknimanna sveitarfélaga SATS hafa óskað eftir því að ársþing samtakanna árið 2024 verði haldið á starfsvæði UTU með aðkomu embættisins og aðildarsveitafélaga þess. Stjórn tekur jákvætt í beiðnina og felur skrifstofustjóra að vinna málið áfram.*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30**

| | |
|---|---|
| Helgi Kjartansson | Walter Fannar Kristjánsson |
| Björn Kristinn Pálmarsson | Jón Bjarnason |
| Haraldur Þór Jónsson | Ísleifur Jónasson |

# Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps
Björn Kristinn Pálmarsson

Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 30.05.2023
Tími: 14:47:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 73ba4891-371e-4fdd-b786-73a25d4162bb

fulltrúi Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 25.05.2023
Tími: 14:33:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 73ba4891-371e-4fdd-b786-73a25d4162bb

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 30.05.2023
Tími: 14:01:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 73ba4891-371e-4fdd-b786-73a25d4162bb

fulltrúi Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 30.05.2023
Tími: 10:29:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 73ba4891-371e-4fdd-b786-73a25d4162bb

fulltrúi Ásahrepps
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 25.05.2023
Tími: 13:44:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 73ba4891-371e-4fdd-b786-73a25d4162bb

fulltrúi Flóahrepps
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 25.05.2023
Tími: 14:10:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 73ba4891-371e-4fdd-b786-73a25d4162bb

# 596. fundur stjórnar SASS

## Fjarfundur

## 2. júní 2023, kl. 12:30 – 13:40

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir, Njáll Ragnarsson og Grétar Ingi Erlendsson. Einnig taka þátt Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fræðslunetsins - símenntun á Suðurlandi undir dagskrárlið 2 og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. **Fundargerð**

   Fundargerð 595. fundar staðfest og verður undirrituð síðar.

2. **Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi**

   Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fræðslunetsins kynnir starfsemina og skipulag hennar á Suðurlandi. Hann fer yfir umgjörðina sem almennt gildir um framhaldsfræðslu og kynnir helstu kennitölur tengdar starfinu s.s. um fjölda þjónustuþega, hvaða áskoranir stofnunin stendur frammi fyrir en starfsemin snýr að Suðurlandi að frátöldum Vestmannaeyjum. Hann svarar spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna. Formaður kynnir að framkvæmdastjóri Visku í Vestmannaeyjum muni einnig koma á fund stjórnar.

3. **Byggðaþróunarfulltrúi**

   Formaður kynnir að samstarfssamningar um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf við samstarfsaðila í landshlutanum verði undirritaðir í júní. Auglýst hefur verið eftir ráðgjafa í Rangárvallasýslu og er umsóknarfrestur til 12. júní nk. Auglýsingin birtist m.a. á starfasíðunni Alfreð. Gert er ráð fyrir að fljótlega verði auglýst eftir ráðgjafa í Uppsveitum. Þegar gengið hefur verið frá ráðningu á þessum tveimur svæðum verða öll sjö vinnusóknarsvæðin með byggðaþróunarfulltrúa.

4. **Ársþing SASS 2023**

   Formaður kynnir hugmyndir að vinnu milliþinganefnda og hvernig skipulagi skuli háttað fyrir komandi ársþing samtakanna. Sérstaklega er farið yfir starf samgöngunefndar en ljóst er að nokkur vinna tengist uppfærslu á samgönguáætlun SASS 2023 – 2032. Drög að spurningum til aðildarsveitarfélaga samtakanna liggja fyrir og þær verða strax sendar sveitarstjórnum til umfjöllunar.

5. **Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 557. – 558. funda stjórnar SSH, fundargerðir 10. – 11. funda stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, fundargerð 52. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 89. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins og fundargerðir 925. – 927. funda stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað fram undan er en meðal atriða má nefna: Samstarfssamninga um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf. Samráðsfund sambandsins og landshlutasamtaka en þar var farið yfir efni ársfunda landshlutasamtaka og hlutverk og stöðu landshlutasamtakanna. Kynnisferð atvinnuráðgjafa landshlutasamtaka og Byggðastofnunar til Noregs í byrjun maí sl. Terraforming LIFE verkefnið sem hlotið hefur styrk upp á tæpan milljarð íslenskra króna frá Umhverfis- og loftlagsáætlun Evrópusambandsins, LIFE. Styrkveitingu úr Matvælasjóði til verkefnisins *Nýjar afurðir með fullvinnslu á hrossakjöti* en Orkídea kemur að verkefninu. Styrkfjárhæð er ríflega 13,5 m.kr.

Málefni í innra starfi SASS er fært í trúnaðarbók.

c. Verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Formaður og Jóhanna Ýr rifja upp aðdraganda að byggingu FSu á sínum tíma og þátttöku sveitarfélaganna við fjármögnun verkefnisins. Þegar tekin var ákvörðun um að byggja verknámshús við skólann voru sveitarfélögin tilbúin með sitt framlag í framkvæmdasjóði.

Stjórn SASS áréttar mikilvægi þess að sem fyrst sé hugað að stækkun verknámshússins en vorið 2023 útskrifuðust 54 námsmenn af verknámsbrautum skólans. Í Sóknaráætlun Suðurlands kemur skýrt fram mikilvægi og gildi verkmenntunar í byggðaþróun á Suðurlandi. Vegna þessa hefur starfamessa verið haldin með reglubundnum hætti í landshlutanum. Nú er svo komið stærð húsnæðis verkmenntahluta FSu er orðin flöskuháls í frekari uppbyggingu verkmenntunar í landshlutanum. Stjórn SASS hvetur ríkið til að ráðast sem fyrst í frekari uppbyggingu við skólann.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 30. júní nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 13:40

Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson

# Seyrustjórn

10. fundur seyrustjórnar var haldinn að Flúðum, mánudaginn 12. júní 2023 kl. 14:00.

Fundinn sátu:
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. **Rekstrarform seyruverkefnis.**
   *Fyrir fundinn liggur minnisblað sem unnið er af Guðjóni Bragasyni hdl. um rekstrarform seyruverkefnisins. Guðjón kemur inn á fundinn í fjarfundarbúnaði til að ræða minnisblaðið og svarar spurningum. Umræða og spurningar skapast um rekstrarformið.*
   *Í samræmi við minnisblaðið og umræðu fundarins er talið skynsamlegast að kanna með ítarlegri hætti að breyta núverandi rekstrarformi yfir í einkahlutafélag. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.*

2. **Starfsmannamál.**
   *Samþykkt að bjóða núverandi þjónustufulltrúa framlengingu á starfi til 31. desember 2023. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá nýjum samningi.*

3. **Framtíðarlosun og landgræðslugirðing.**
   *Rætt um landgræðslugirðinguna og að nauðsynlegt sé að setja upp nýja girðingu þar sem núverandi girðing er illa farin. Með nýrri girðingu stækkar svæðið fyrir losun verulega og tryggir losunarsvæði til næstu áratuga. Fyrir liggur að Landgræðslan tekur þátt í 50% af kostnaði við girðinguna og 50% muni lenda á seyruverkefninu. Samþykkt er að seyruverkefnið taki þátt í þessum kostnaði. Gera þurfi ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.*

   Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:45.

   Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 19. júní kl. 10:30

# Fundargerð

**11. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 12. maí 2023 og hófst kl. 12:15.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Þór Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir. Þá sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

1. **Fundarsetning**
   Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugsemdir komu fram.

2. **Aukafundur – Héraðsnefnd Árnesinga**
   Samþykkt að boða til aukafundar í Héraðsnefnda Árnessinga og verður hann haldinn í fjarfundi (Teams) miðvikudaginn 24. maí kl. 8:15. Fundarefni verður húsnæðismál Hérðasskjalasafnsins.

Fundi slitið kl. 13:08

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Sandra Sigurðardóttir

Ingibjörg Garðarsdóttir

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**228. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn mánudaginn 12. júní 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Oddur Árnason boðaði forföll.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. **Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit**

   a) **Starfsleyfi**

***Málum lokið:***

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2305084HS | Starfsleyfi endurnýjun | Hestaleiga - Sólhestar ehf. | 816 | 23.05.2023 |
| 2305066HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Músíkhús ehf. | 810 | 16.05.2023 |
